

Sp.

157. Tillaga til þingsályktunar

[212. mál]

um fiskveg um Brúafossa í Laxá í Þingeyjarsýslu.

Flm.: Bjartmar Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera athugun á aðstöðu til að gera fiskveg (laxastiga) upp yfir Brúafossa í Laxá í Þingeyjarsýslu. Jafnframt felur það henni að láta gera þar fiskveg, ef ráðlegt þykir að álitni manna, er sérfræðipækkingu hafa í þessu efni. Nauðsynlegur kostnaður greiðist úr ríkissjóði, að svo miklu leyti sem hann fæst ekki greiddur annars staðar frá.

Greinargerð.

Laxá er ein allra bezta laxá á landi hér. En Brúafossar eru ekki laxgengir og Laxá ofan fossa, þ. e. í Laxárdal, því laxlaus með öllu. En áin þar hefur að bjóða sömu skilyrði fyrir fisk og eru fyrir neðan fossana. Ef lax kæmist upp fyrir fossana, á hann greiðan gang alla leið upp í Mývatn, sem er bezta fiskivatn á landinu.

Mikill hugur er nú í þeim mönnum, sem veiðirétt eiga í Laxá, að vinna að því að auka laxgöngu í ána með því að sleppa í hana aliseiðum. Af þess konar starfsemi má mikils vænta bæði í Laxá og ótal öðrum veiðivötnum, ef vel er að unnið, og virðast möguleikar í þá átt lítt takmarkaðir.

Vera má, að örðugt reynist að gera laxgengt upp yfir Brúafossa vegna mannvirkja í ánni í sambandi við Laxárvirkjun. En sjálfsagt er að athuga það vandlega, og að óathuguðu máli verður að álita, að það sé kleift.

Laxá fyrir neðan fossa er nú leigð til stangveiða og er mjög eftirsótt sem slík, bæði af innlendum mönnum og erlendum. Laxá í Laxárdal mundi að líkindum geta orðið álíka eftirsótt veiðiá, ef takast mætti að gera færa leið fyrir fisk upp fyrir fossana.

Jónas Jónsson hreyfði þessu máli eitt sinn á Alþingi, er hann var þingmaður Suður-Þingeyinga, en þá náði það ekki afgreiðslu.